

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga X

Keldudalur í Hegranesi

Fornleifarannsóknir 2002-2007

Guðný Zoëga





© Byggðasafn Skagfirðinga, Guðný Zoëga, 2008
Efni smárítsins má ekki nota án leyfis
Ljósmyndir og teikningar: Guðný Zoëga,
Teikning á forsíðu
ISBN 978-9979-9757-5-5

Smárit Byggðasafns Skagfirðinga X

Keldudalur í Hegranesi

Fornleifarannsóknir 2002-2007

Guðný Zoëga
2008

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Kirkjugarður úr frumkristni	7
Grafreitir úr heiðni	9
Kirkjugarðsuppgröftur 2003	12
Skáli undir kirkjugarðinum	14
Fornleifarannsókn 2007	17
Aldur byggðar í Keldudal	19
Keldudalsminjar í víðara samhengi	21
Grafsiðir	22
Flutningur í og úr kirkjugarði?	25
Vitnisburður beinanna	28
Samantekt	33
Heimildir	36

Inngangur

Skagafjörður er söguríkt hérað. Fyrrum var það miðstöð kirkjulegs valds á Norðurlandi og vettvangur margra stóratburða. Síðastliðin ár hafa margar fornleifarannsóknir farið fram í héraðinu og má þar helsta nefna viðamikla þverfaglega rannsókn á biskupssetrinu á Hólum og hafskipahöfn þess við Kolkuós. Fornleifarannsóknir á þessum stöðum, sem og fleirum innan héraðsins, hafa leitt margt nýtt í ljós og bæði aukið við og breytt þeirri mynd sem við höfðum af stöðum og sögu þeirra. Í jörðu felst mikil saga, sem hvergi hefur komist á blað, því þögular tófta- eða mannvistarleifar eru gjarnan eini vitnisburðurinn um forna byggð. Sú saga kemur oft óvænt upp á yfirborðið og verður aðeins túlkuð með aðferðum fornleifafræðinnar. Keldudalur í Hegranesi er einn staðanna sem svo háttar til. Í þúsund ár hafði jörðin í Keldudal geymt óröskuð og óséð ummerki elstu byggðar, leifar íveru- og útihúsa, kumlateigs, kirkju og kirkjugarðs.

Á haustdögum árið 2002 var Þórarinn Leifsson bóndi í Keldudal að grafa grunn að ferðapjónustuhúsi á bæjarstæði sínu, þegar hann tók eftir einhverju ókennilegu í uppmokstrinum. Þegar betur var að gáð reyndust þetta höfuðkúpur og aðrar beinaleifar manna og var framkvæmdum við húsið snarlega hætt. Fornleifavernd ríkisins var tilkynnt um fundinn eins og lög kveða á um og í framhaldinu fór fram frumathugun á staðnum. Frá upphafi var ljóst að um fornán grafreit var að ræða þar sem gráhvít gjóska frá gosi úr Heklu 1104 lá yfir gröf sem sjá mátti í suðurhlið húsgrunnnsins. Þetta þýddi að gröfin var eldri en gjóskan. Hinsvegar var óljóst hver stærð þessa grafreits var eða hvort hann væri úr heiðnum eða kristnum sið.

Síðla í september þetta ár var ráðist í fornleifarannsókn á staðnum til að úrskurða um hvers kyns minjar um væri að ræða og til að bjarga því sem bjargað yrði áður en byggingaframkvæmdir hæfust fyrir alvöru. Sú rannsókn leiddi síðan í ljós einn áhugaverðasta fornleifafund seinni ára. Hann var þó bara upphafið að viðamiklum fornleifarannsóknum í Keldudal sem enn sér ekki fyrir endann á.¹



Útlinur kirkjugarðsins framan við ferðaþjónustuhús sem nú stendur á uppgrafarstaðnum.

¹ Umfjöllun um uppgröft í Keldudal 2002-2003 er að finna í rannsóknarskýrslum Bygðasafns Skagfirðinga nr. 18 og 31 og í grein í bókinni *Cultural interactions between east and west* sem gefin var út 2007 til heiðurs prófessor Ingemar Jansson við Stokkhólmsháskóla.

Kirkjugarður úr frumkristni

Við upphaf rannsóknarinnar varð ljóst að talsverðar upplýsingar höfðu farið forgörðum. Við blasti húsgrunnur sem tekinn hafði verið inn í vesturhlið hóls sem greinilegt var að hafði verið bæjarhóll um aldir. Í austursniði grunnsins sáust hátt í 3ja metra þykk mannvistarlög, leifar torfveggja, ruslalög og önnur byggðarmerki. Þarna var grunnurinn dýpstur en hann grynntist eftir því sem brekkunni hallaði til vesturs. Grunnurinn var að mestu fullgrafinn þegar beinanna varð vart og í botni hans virtist vera óhreyfð náttúruleg jökulmöl. Tvær höfuðkúpur og mörg önnur bein höfðu komið upp með vélskóflunni og lágu þau á víð og dreif nyrst á framkvæmdasvæðinu. Fyrsta verkið var því að safna lausum beinum saman og hreinsa yfirborð jarðar til að greina hvort grafir sæjust í nágrenni beinanna.

Í suðursniði húsgrunnsins mátti sjá gröf sem lá í stefnuna austur-vestur og augljóst að líkið hafði verið lagt til með höfuðið í vesturenda grafarinnar. Einnig mótaði fyrir gröfinni í botni grunnsins, út frá sniðinu, og útlínunum annarrar grafar við hliðina á henni. Dýpt grafanna kom vel fram í sniðinu. Þær voru um 50 sm djúpar og grafnar lítið eitt niður í náttúrulegt malarlag. Í slitrum á yfirborði þeirra var gjóska úr eldgosinu í Heklu árið 1104 sem sýnir að gjóskan hefur fallið ofan á grafirnar. Í báðum mátti einnig greina kistuleifar. Í kristnum sið er venjan að lík liggi austur-vestur með höfuð í vestur. Það fór því ekki milli mála að þarna hvíldu beinagrindur manna sem uppi voru á 11. öld, en lega grafa og umbúnaður benti til að um væri að ræða kristinn frekar en heiðinn grafreit.

Grunnurinn virtist, við fyrstu sýn, kominn niður að náttúrulegu malarlagi og engar sérstakar væntingar voru um að fleiri heillegar grafir fyndust. Raunin varð þó önnur. Þegar farið var að hreinsa ofan af svæðinu kom í ljós að meiri hluti grafanna var enn á sínum stað, þrátt fyrir að mjög grunnt hafi verið niður á sumar þeirra, stundum einungis örfáir sentimetrar. Meiri jarðvegur lá yfir þeim við ytri mörk grunnsins til norðurs og suðurs. Voru þar allt að 60 sm niður á grafirnar, sérstaklega norðan megin. Þegar búið var að sigta alla lausamold sem komið hafði upp úr grunninum, varð ljóst að grafir um þriggja til fjögurra fullorðinna einstaklinga austanvert í grunninum höfðu verið grafnar burtu í heild sinni. Alls komu upp 35 heillegar beinagrindur við uppgröftinn, um helmingur þeirra beinagrindur barna. Varðveisluskilyrði í kirkjugarðinum voru góð og höfðu flestar beinagrindurnar varðveist ágætlega. Til merkis um það fundust margar heillegar beinagrindur ung-
barna en slíkt er fátítt og sárafáar beinagrindur ungbarna er að finna í beinasöfnum hérlandis.



Uppgräfts svæðið haustið 2002. Beinagrindurnar lágu rétt undir yfirborði og voru að hluta grafnar í náttúrulegt malarlag.

Grafreitir úr heiðni

Rannsókn kirkjugarðsins haustið 2002 var bundin við grunnferðaþjónustuhússins því mikið lá á að reisa það fyrir veturinn. Hinsvegar var ljóst að einungis var búið að grafa upp hluta garðsins. Ákveðið var að grafa upp það sem eftir var svo að bændur í Keldudal gætu gengið frá lóð framan við húsið. Fjárframlag fékkst til hluta verksins frá Menntamálaráðuneytinu, en að öðru leyti var rannsóknin unnin með framlagi Bygðasafns Skagfirðinga og Hólarannsóknarinnar. Uppgröfturinn átti að hefjast í júlí 2003, en áður en það varð kom Keldudalur enn á óvart. Þremur vikum áður en uppgröftur átti að hefjast í kirkjugarðinum tilkynntu Keldudalsbændur um annan manna-beinafund. Í þetta sinn við jarðvinnslu á klapparhæð nyrst í túni, um 500 m norðan bæjarstæðisins og kirkjugarðsins. Upp komu höfuðkúpa og fleiri illa farin mannabein.



Uppgröftur kumla í kumlateignum. Kumlin lágu efst á klapparhæð, skammt undir yfirborði og höfðu öll orðið fyrir skemmdum.

Við nánari athugun á svæðinu kom í ljós að þarna voru a.m.k. fjórar grafir á um 20x5 m stóru svæði, rétt undir grasrót. Allar grafirnar voru raskaðar, bæði af vélum sem notaðar voru við jarðvinnsluna, en einnig virtist hafa verið hreyft við þeim einhvern tímann í fyrndinni. Tvær grafanna voru sæmilega heillegar en tvær þeirra hafði vélgrafan fjarlægt að mestu. Grafirnar sneru norðvestur-suðaustur og í tveimur fannst haugfé, gripir sem lagðir höfðu verið með hinum látnu í grafirnar. Grafarumbúnaður benti til að þarna væri um að ræða svokölluð kuml úr heiðnum sið.

Fyrsta kumlið hafði orðið vélskóflunni að bráð, en í því höfðu verið bein 30 til 45 ára gamallar konu. Engin ummerki grafar fundust enda hafði kumlinu verið gjörspillt.

Annað kuml sást sem vel afmörkuð gröf á yfirborði og virtist óskert af vinnuvélunum. Við uppgröft kom þó í ljós að það geymdi einungis fótabein manns. Önnur bein mannsins voru horfin með öllu og svo virtist sem þau hefðu verið fjarlægð úr gröfinni. Til fóta í kumlinu fundust einnig fáein bein úr hundi, en hundar og/eða hestar voru stundum heygðir með eigendum sínum. Hinsvegar var grafan búin að hreinsa í burtu jarðveg úr hólnum fast norðan kumlsins þannig að ekki var ljóst hvort sá hluti þess, sem hundurinn lá í, hafði verið óhreyfður. Hundsbeinin í gröfinni voru ekki úr neinum venjulegum íslenskum smalahundi heldur háfættum mjóhundi (greyhound). Ekki er kunnugt um að bein þeirrar hundategundar hafi fundist áður á Íslandi, en þau hafa fundist í Skandinavíu og á Grænlandi.² Í gröfinni fundust þrjár glerperlur úr hálsfesti í víkingaaldarstíl, svokallaðar sörvistölur. Tvær þeirra skreyttar.

² Enghoff 2003, bls. 79.

Þriðja kumlið var fremur fátæklegt. Þar fundust einungis fáein mjög illa farin mannabein og bein úr lágfættum hundi. Engir gripir fundust í þeirri gröf, en hún hefur legið mjög nærri yfirborði og hafði greinilega orðið fyrir mikilli röskun.



Í kumli 4 voru bein konu sem grafín hafði verið í klæðum sem skreytt voru forlátu beinþjóni. Bein hennar voru hinsvegar öll úr lagi færð.

*Klæðisþjónninn. Teikn.
Eavan O'Dochartaigh.*



Fjórdða kumlið hafði að geyma flest mannabein, höfuðkúpu, hryggjarliði og stöku önnur bein úr ungri konu. Gröfin var þó öll úr lagi færð og fannst höfuðkúpan við mjaðmarbein, sem einnig voru úr lagi gengin. Gröfinni virðist því hafa verið spillt til forna og beinin grafín niður aftur. Í kumlinu voru leifar af litlu blýlóði, svokölluðu meti. Slík lóð voru sett á metaskálar sem notaðar voru til að vega silfur, en það var helsti gjaldmiðill þess tíma.³ Einnig fannst þjónn úr beini með fagurlega

³ Sjá grein Kristínar Huldar Sigurðardóttur um haugfé í riti Þjóðminjasafns Íslands, *Hlutaveltu tímans*, frá 2004, bls. 65-75.

útskornu dýrshöfði. Þrjónninn hefur líklega verið notaður til að festa saman klæði af einhverju tagi en slíkir þrjónar hafa sjaldan fundist hérlandis. Merkilegt er að nánast eins þrjónn með samskonar útskornu dýrshöfði fannst sumarið 2004 í Sveigakoti í Mývatnssveit.⁴



Hringlaga torfveggur var um kirkju og -garð.

Kirkjugarðsuppgröftur 2003

Uppgröftur á kirkjugarðinum hófst á nýjan leik um miðjan júlímánuð 2003. Trónaði nú glæsilegt ferðaþjónustuhús yfir uppgraftarsvæðinu, en beðið var með að ganga frá lóðinni, grafa fyrir lögnum og leggja bílastæði. Uppgröfturinn haustið áður hafði farið fram við verstu mögulegar aðstæður. Búið var að skemma hluta minjanna og nauðsynlegt hafði verið að

⁴ Orri Vésteinsson o.fl. 2004, bls. 49.

vinna mjög hratt þar sem að grafirnar lágu nánast opnar á yfirborði og í mikill hættu, opin fyrir veðri og vindum. Segja má að miðað við aðstæður hafi uppgröfturinn í raun tekist vonum framar. Við bestu aðstæður er uppgröftur grafa tímafrekt nákvæmnisverk þar sem hvert jarðlag og smæstu bein eru ljósmynduð, mæld, skráð og teiknuð samkvæmt aðferðum fornleifafræðinnar. Þar sem aðstæður voru allar aðrar seinna sumarið kom ýmislegt nýtt í ljós sem ekki hafði verið sýnilegt árið áður.

Leifar hringlaga kirkjugarðsveggjar birtust, sem engin merki höfðu sést um við fyrri uppgröftinn. Veggurinn lá í boga vestur fyrir ferðabjónustuhúsið og hægt var að afmarka nákvæmlega það svæði sem tilheyrði kirkjugarðinum og ein-skorda uppgröftinn við það. Veggurinn var vel afmarkaður af einfaldri grjótröð undir ytri brún garðsins. Annars virtist hann hafa verið hlaðinn eingöngu úr torfi, elsti hlutinn var hlaðinn úr streng og endurbættur með klömbruhleðslu.

Við uppgröftinn 2002 sást kola- og gjalllag við suðurenda uppgraftarsvæðisins sem benti til að þar hefði mannvirki staðið til forna. Túlkun rannsakenda var að þetta væru leifar smiðju, en ekki er óþekkt að smiðjur hafi verið reistar á eldri kirkjurústum.⁵ Undir smiðjuleifunum kom í ljós stór stoðarhola um 50 sm í þvermál. Við uppgröftinn 2003 fundust tvær stoðarholur til viðbótar og vísbending var um þá fjórðu. Einnig fundust dálitlar leifar af tréverki við eina stoðarholuna. Þessar byggingarleifar voru túlkaðar sem leifar kirkjunnar sem staðið hefur í garðinum. Því miður hefur grafan sennilega

⁵ Í Neðra-Ási í Hjaltadal fundust t.d. leifar rauðablásturs í yngstu kirkjurústinni. Sjá skýrslu Orra Vésteinssonar frá 2000, bls. 4.

skemmt aðrar leifar kirkjunnar. Þessar fátæklegu kirkjuleifar benda til þess að þarna hafi staðið svokallað stólpahús sem er elsta gerð stafverkshúsa þar sem hornstoðir bygginga voru grafnar niður.

Kirkjuleifarnar voru sem fyrr segir óverulegar en stoðarholurnar fjórar hafa að líkindum tilheyrt kirkjuskipinu. Grafirnar mynduðu auk þess beinar línur umhverfis kirkjuna sem gerði kleift að áætla form hennar, þrátt fyrir að stærsti hluti hennar væri horfinn. Með því að nota afmörkun grafanna og staðsetningu stoðarholanna má ímynda sér að kirkjan hafi verið um 3 m á breidd og a.m.k. 3-4 m á lengd að innanmáli. Ekki verður fullyrt að kór hafi verið á kirkjunni en það er ekki útilokað. Kórinn hefur þá verið á austurgafli líkt og á mörgum fornum kirkjum sem rannsakaðar hafa verið.⁶

Þetta sumar voru grafnar upp beinagrindur 19 manna, til viðbótar við þær 35 sem fundust árið áður, í allt 54 einstaklingar. Grafirnar voru alls 52. Í tveimur þeirra voru bein tveggja einstaklinga. Stök mannabein, sem fundust þegar mold úr húsgrunninum var sigtuð, gefa aftur á móti til kynna að grafirnar í kirkjugarðinum hafi verið fleiri, ef til vill allt að 60.

Skáli undir kirkjugarðinum

Innan fornleifafræðinnar er haft fyrir satt að spennandi hlutir komi alltaf fram þegar uppgrefti er að ljúka og var Keldudalur þar engin undantekning.

Undir lok rannsóknarinnar sumarið 2003 fundust óvænt leifar skálabyggingar vestast í kirkjugarðinum. Grafir undir vestur-

⁶ Sjá td. doktorsritgerð Steinunnar Kristjánsdóttur, 2004, bls. 129.

gaflí kirkjunnar höfðu verið teknar ofan í það sem virtist torf-hlaðinn veggur eða garður, en eftir því sem rannsókninni vatt fram kom í ljós að um var að ræða austur langhlið í aflöngu íveruhúsi eða skálabyggingu. Byggingin hefur verið hrunin eða henni rutt um áður en kirkjugarðurinn var tekinn í notkun. Nokkur dæld hefur myndast við hrun skálans þar sem hann var niðurgraffinn og greinilegt að borið hafði verið að torf eða jarðefni til að slétta út fyrir kirkjugarðinn. Undir því fundust leifar þekju úr rauðleitu mýrartorfi og kvistum, en neðst var örþunnt gólflag sem lá beint ofan á sömu jökuhlöð og grafirnar voru teknar í. Í skálagólfinu lágu tvö grjóthlaðin eldstæði sem virðast hafa verið í notkun samtímis. Annað var langeldur sem í var töluvert af brenndum dýrabeinaleifum.



Horft vestur yfir uppgrafsarsvæðið. Leifar skálans eru greinanlegar í boganum innan kirkjugarðsveggjarins, bæði leifar bekkja (seta) og langelds. Vestustu grafirnar í kirkjugarðinum hafa verið teknar í austur langvegg skálans.

Skálinn hefur legið norður-suður með framhlið til vesturs en náttúruleg brekka var austan til og hefur byggingin verið að hluta grafinn inn í hana. Austurveggur skálans hefur legið í brekkunni, en skálagólfíð um 50 sm neðan hans. Við gólfíð eftir austurhlið skálans voru afmörkuð sæti eða bekkir, svokölluð set, en slík set lágu jafnan meðfram veggjum skálabygginga og gegndu hlutverki sætis og rúms fyrir skálabúa. Veggir skálans voru forvitnilegir. Þegar tekið var snið í þá kom í ljós að þeir voru tvíhlaðnir, þ.e. inn- og úthliðar þeirra voru hlaðnir úr klömbruhnausum og lausu jarðefni troðið og þjappað í milli til uppfyllingar. Slík veggjagerð er þekkt í Skagafirði fram á 20. öld.

Að frátöldum könnunarskurði, sem var grafinn til að kanna breidd skálans, hefur gólfflötur hans utan garðs ekki verið rannsakaður. Skálinn liggur undir kirkjugarðsvegginn að vestan og teygir sig út fyrir hann bæði í norður- og suðurátt. Hann virðist vera 6-7 m á breidd að ytra máli, líkt og skálinn á Eiríksstöðum í Haukadal í Dalasýslu, en sá skáli var 18 m að lengd.⁷

Það hafði valdið rannsakendum miklum heilabrotum að í sumum grafanna í kirkjugarðinum fundust dýrabein og að því er virtust aðrar leifar sorps. Fundur skálans skýrði þó að nokkru þessar leifar, sem vísast voru úr sorphaugi skálabúa, sem þá hefur staðið bak skálanum þar sem kirkjugarðurinn lá.

Að frátöldum dýrabeinum, kistum og mannabeinum fundust mjög fáir gripir í garðinum. Slíkt er ekki óvanalegt í uppgrefti á elstu byggðaleifum, því hlutum var ekki fleygt að nauðsynja-

⁷ Sjá skýrslu Guðmundar Ólafssonar 1998.

lausu. Þó fundust nokkrir gripir, svo sem brýni, snældusnúður, naglar, brot af viðgerðri grýtu úr norsku klébergi, auk járn-nagla og ýmissa brota af brons- og járnhlutum.



Unnið við uppgröft á binu forna bæjarstæði Keldudals sumarið 2007.

Fornleifarannsókn 2007

Sumarið 2007 fór svo, í fjórða sinni, fram fornleifarannsókn í tengslum við framkvæmdir í Keldudal. Ætlunin var að byggja við íbúðarhús ofan og suðaustan kirkjugarðsins, syðst í gamla bæjarhólnum, og því minja að vænta. Uppgröfturinn stóð yfir í þrjár vikur og mikilvæg vitneskja bættist við um byggðina tengda kirkjugarðinum. Nýrst í nýja húsgrunninum lágu syðri útmörk gamla bæjarhólsins. Þar voru mannvistarlög á annan metra á þykkt. Stærstur hluti mannvistarlaganna tilheyrði yngri skeiðum torfbæjarins, þ.e.a.s. 18.-19. aldar bænum. Eins og við er að búast hafa seinni tíma byggingar gengið á eldri byggða-

leifar og því kom töluvert á óvart þegar í ljós kom að ofan á stórum hluta svæðisins, að hluta undir yngri bæjarleifum, lá óhreyft gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300. Undir gjóskunni fundust svo leifar a.m.k. tveggja bygginga í bæjarhólnum sjálfum. Einnig kom fram um metra breið hellulögð stétt, sem sást á um 3 m kafla frá austri til vesturs, syðst í grunninum. Austan, sunnan og á parti norðan stéttarinnar, lágu fornar leifar torfveggja og virtust þeir tilheyra henni. Þegar leið á uppgroftinn komu einnig fram litlar stoðarholur upp við þessa vegg, sem virtust afmarka smærri afhólf upp við stéttina. Eftir að hafa borið þessar minjar saman við samskonar fundi annarsstaðar, var það mat rannsakenda að um fjósbyggingu væri að ræða, en útihús frá elstu tíð eru sjaldgæfir fundir. Enn á eftir að vinna frekar úr uppgreftirnum og koma þá vísast í ljós margir forvitnilegir hlutir til viðbótar.



Ein þeirra bygginga sem grafið var í sumarið 2007 var fjós, sem sennilega er frá 10-11. öld. Myndin sýnir hluta af fjósflórnum.



Unnið við mælingar og uppgröft í fjósinu í Keldudal sumarið 2007.

Aldur byggðar í Keldudal

Fornrit eða aðrar skrifaðar heimildir veittu enga hjálp við túlkun fundarins, né heldur varpa þær nokkru ljósi á aldur fornleifanna. Keldudals er fyrst getið í rituðum heimildum í stofnskrá Reynistaðarklausturs 1295, en þá komst jörðin í eigu klaustursins⁸ og hélst svo um aldir. Heimildir geta hvorki kirkju né kirkjugarðs og engar þekktar sögusagnir eða örnefni geta bent á tilvist þeirra. Hið sama gegnir um 9.-10. aldar byggðina og kumlateiginn. Þar sem kirkjunnar finnast ekki getið í elstu máldögum má leiða að því líkur að kirkjugarðurinn hafi verið fallinn í fyrnsku þegar í lok 13. aldar. Í það minnsta má fullyrða að kirkjugarðurinn hafi verið kominn úr notkun nokkru fyrir þann tíma því grátt gjóskulag úr Heklu frá því um 1300 lá óhreyft yfir leifum kirkjugarðsveggjarins og yfir kirkjugarðinum vestanverðum.

⁸ *Diplomatarium Islandicum* (Íslenskt fornbréfasafn) 2, bls. 301.

Í upphafi varð ljóst að a.m.k. hluti kirkjugarðsins var frá því fyrir 1104 þegar gráhvíta Heklugjóska féll. Ýmis fleiri teikn voru um aldur garðsins. Til að mynda gaf gjóska í kirkjugarðsveggnum hugmynd um notkunartíma garðsins. Greinilegt er að hann hefur verið reistur skömmu eftir aldamótin 1000⁹ og endurhlaðinn skömmu eftir gosið 1104.¹⁰ Jafn greinileg eru merki um að kirkjugarðsveggurinn var fallinn fyrir Heklugosið 1300.

Með því að skoða afstöðu skálaveggja og gjösku frá 1104 er ljóst að skálinn er frá Víkingaöld¹¹ og hefur verið hruninn löngu áður en gjóskan féll. Kirkjugarðsveggurinn liggur auk þess ofan á honum og því má leiða líkur að því að skálinn hafi verið fallinn um 1000. Miðað við að bæjarhóllinn og kirkjugarðurinn liggja ofar í brekkunni austan skálans, er ljóst að þangað hefur bæjarstæðið verið fært snemma á 11. öld og líklega verið á sama stað alla tíð búskapar í Keldudal eftir það.

Við uppgröftinn 2007 kom í ljós að Heklugjóska frá 1300 lá óhreyfð yfir töluverðum hluta gamla bæjarstæðisins, þar á meðal fjósbyggingu sem kann að hafa verið í notkun á sama tíma og kirkjugarðurinn. Jafnvel frá sama tíma og búið var í skálanum. Það virðist því sem einhverskonar búseturol hafi orðið um eða fyrir 1300 í óskilgreindan tíma. Þó er ekki loku fyrir það skotið að bærinn hafi verið fluttur til á bæjarstæðinu.

⁹ Sjá greinargerð Magnúsar Á. Sigurgeirssonar um gjóskulög í tengslum við fornleifarannsóknir í Skagafirði, frá 2003.

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Víkingaöld er talin hafa staðið yfir frá áttundu öld fram á síðari hluta þeirrar elleftu.

Auk gjóskusýna voru tekin 20 sýni til kolefnisaldursgreiningar beinagrinda úr báðum grafreitunum. Greiningin leiddi í ljós að þau kumlanna sem greind voru, eru frá fyrri hluta 10. aldar. Þá má nefna að byrjað hefur verið að grafa í kirkjugarðinn þegar um 1000 og hætt að grafa þar á 12. öld.

Keldudalsminjar í víðara samhengi

Rannsóknir á fornum kirkjugörðum hérlandis hafa enn sem komið er tiltölulegar fáar innlendar rannsóknir til samanburðar. Fáir kirkjugarðar frá elsta skeiði kristni hafa verið rannsakaðir hérlandis, en nefna má kirkjugarð á Þórarinsstöðum í Seyðisfirði¹², Neðra-Ási í Hjaltadal¹³, Sauðá í Skagafirði¹⁴, Skeljastöðum¹⁵ og Stöng¹⁶ í Þjórsárdal, Hofsstöðum¹⁷ í Mývatnssveit og á Hrísrú¹⁸ í Mosfellsdal, en tveimur síðastnefndu rannsóknunum er ekki lokið. Varðveisla mannabeina hefur einnig verið slæm á mörgum þessara staða og rýrir það mjög gildi þeirra sem samanburðarefnis í beinafræðilegum rannsóknum. Nærtækast er að nefna slæma varðveislu beina í 11. aldar kirkjugarðinum í Neðra-Ási í Hjaltadal, þar sem varðveisluskilyrði voru svo léleg að þau réttlættu ekki uppgröft í kirkjugarðinum.¹⁹ Leifar forns kirkjugarðs komu einnig óvænt upp á bæjarstæði Sauðár, sem núna er inni í miðjum Sauðárkróksbæ. Varðveisluskilyrði þar voru sömuleiðis mjög slæm. Samanburðar verður því einnig að leita út fyrir landsteinana og

¹² Steinunn Kristjánsdóttir 2003 og 2004.

¹³ Orri Vésteinsson 2000.

¹⁴ Sigurður Bergsteinsson, skv. samtali í júlí 2005.

¹⁵ Jón Steffensen 1943, bls. 227-260.

¹⁶ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996, bls. 119-139.

¹⁷ Hildur Gestsdóttir (ritstj.) 2006.

¹⁸ Jesse Byock o.fl. 2005, bls. 195-218.

¹⁹ Sjá skýrslu Orra Vésteinssonar um uppgröftinn á Neðra-Ási, 2000, bls. 4.

liggur þá beinast við að leita til nágrannaþjóðanna, en kristnitakan og birting hennar hérlandis var auðvitað órjúfanlegur hluti trúarlegrar og pólitískrar þróunar á Norðurlöndunum.

Lítið er vitað um greftrunarsiði, kristnihald og skipulag greftrunar á fyrstu árum kristni hér á landi, en fáar samtímaheimildir eru til frá þessum tíma auk þess sem fáir miðalda kirkjugarðar hafa verið rannsakaðir. Fornir kirkjugarðar, þ.e.a.s. beinasöfn sem úr þeim fást, eru okkar ríkustu heimildir um þjóðfélagsgerð, graf- og trúarsíði, lífsviðurværi og lýðheilsu til forna. Í því samhengi eru kirkjugarðurinn og kumlateigurinn í Keldudal afar mikilvæg heimild þar sem varðveisluskilyrði beina eru einstaklega góð.

Grafsiðir

Líkt og í sumum miðaldakirkjugörðum úr frumkristni, sem rannsakaðir hafa verið hérlandis sem og í Skandinavíu, var kirkjugarðurinn í Keldudal kynjaskiptur, þ.e. konur lágu norðan megin kirkju, karlar sunnan við.²⁰ Slík skipan er þekkt úr elsta kirkjurétti í Noregi²¹ en hans er ekki getið í kristnirétti Grágásar. Þessi siður lagðist af snemma á miðöldum, þótt hans hafi gætt í sætaskipan í kirkjum fram á 19. öld. Svo virðist sem ungbörn hafi oft fengið leg nærri kirkjunni og á það við í Keldudal þar sem ungbörn lágu í röð meðfram suður- og að hluta norðurhlíð kirkjunnar. Ekki er hægt að kyngreina bein

²⁰ Jakob Kieffer-Olsen 1993, bls. 99. Jón Steffensen læknir er líklega fyrstur til að lýsa þessu í sambandi við kirkjugarðinn að Skeljastöðum í Þjórárdal, en þar virðist hafa verið greinileg kynskipting innan garðs. Yfirlitsmynd er að finna t.d. í meistararitgerð Hildar Gestsdóttur 1998, bls. 32.

²¹ Ákvæði um hvar menn eigi að liggja innan garðs er að finna í Eidsivapingslögnum norsku, sjá grein Andres Andrén 2000, bls. 8.

ungabarna með neinni vissu, en þau lágu innan um grafir full-orðinna, ýmist sunnan, norðan eða vestan kirkju.

Athyglisvert er að mörg líkanna voru grafin í kistum sem bendir til að nægt timbur hafi verið til kistugerðar í Keldudal, í það minnsta á fyrri hluta 11. aldar. Dæmi voru um að lík barna höfðu verið lögð beint í moldina og steinum raðað í kring. Einnig voru merki um að þar sem engin kista var, hafi steinum og/eða torfi verið komið fyrir við höfuð hinna full-orðnu til að skorda það. Kisturnar voru einfaldar að gerð, stokklaga, gjarnan ferhyrndar, en einnig voru merki um kistur sem mjókkuðu til fóta. Lok og botn voru í flestum kistum. Fáir járnaglar fundust við uppgröftinn og virðast kisturnar því hafa verið trénegldar, geirnegldar eða felldar saman á annan hátt. Kisturnar voru þröngar og greinilega hafðar eins efnislitlar og einfaldar í sniðum og mögulegt var. Engir gripir

fundust í hinum kristnu gröfum, en í einni gröf fannst bútur af vefnaði, eflaust leifar líkklæða.




Mörg líkanna höfðu verið jarðsett í kistum og hér sjást leifar tveggja slíkra. Á hægri hönd er gröf eldri konu, en á vinstri hönd má sjá gröf sem búið er að taka beinin úr. Kisturnar voru einfaldar að gerð og augljóst að ekki var brúðlað með viðinn.



Gröf karlmanns sem ekki var lagður í kistu, en steinum hefur verið komið fyrir sitt hvoru megin höfuðsins til að skorða það af. Samskonar frágangur þekkist einnig úr elstu kirkjugörðum erlendis.

Líkin hafa flest verið lögð á bakið, undantekningarlaust með höfuðið í vesturátt líkt eins og venjan er í kristnum sið. Höfuðið var gjarnan lagt fram á bringuna og handleggir með síðum eða krosslagðir yfir mjaðmir. Lega handleggja hefur verið notuð til að greina, gróflega, aldur kirkjugarða. Í elstu kirkjugörðum Skandinavíu virðast flest líkin hafa verið lögð til þannig að handleggir lágu með síðum eða yfir mjaðmir en á síðari öldum hafa hendurnar færst ofar á brjóstkassann.²² Lega líka auk annars grafarumbúnaðar í kirkjugarðinum í Keldudal fellur því vel að þeim grafsiðum sem tíðkuðust annars staðar á Norðurlöndum við upphaf kristins siðar.

²² Jakob Kieffer-Olsen 1993, bls. 21.



Yfirlitsteikning sem sýnir afstöðu grafa og kirkju auk þess að sjá má útlínur skálans sem lá undir kirkjugarðinum að bluta.

Flutningur í og úr kirkjugarði?

Svo virðist sem að dæmi séu um flutning beina bæði í og úr kirkjugarðinum. Augljóst er að bein hafa verið fjarlægð úr a.m.k. einu kumlanna í kumlategnum og er þá ekki óvarlegt að áætla að þau hafi verið flutt í hinn nývígða kirkjugarð við trúskiptin. Slíkur beinaflutningur er ekki óþekktur úr Íslandingasögum. Sem dæmi má nefna Egils sögu, en þar segir: „Grímur að Mosfelli var skírður þá er kristni var í lög leidd á Íslandi. Hann lét þar kirkju gera. En það er sögn manna að Þórdís hafi látið flytja Egil til kirkju og er það til jartegna að síðan er kirkja var ger að Mosfelli en ofan tekin að Hrisbrú sú kirkja er Grímur hafði gera látið þá var þar grafinn kirkjugarður. En undir altarisstaðnum þá fundust mannabein. Þau voru



miklu stærri en annarra manna bein. Þykjast menn það vita af sögn gamalla manna að mundu verið hafa bein Egils.²³

Myndin sýnir bein sem komið hefur verið fyrir í kistuenda vestast í kirkjugarðinum. E.t.v. er þetta vitnisburður um flutning beina úr kumlategnum en afstaða beinanna er einna líkust því að þeim hafi verið stungið í poka og honum komið fyrir í vesturenda kistunnar.

Í Keldudalskirkjugarði fundust tvær beinagrindur sem greinilega lágu ekki á upprunalegum stað og kunna að hafa verið fluttar í garðinn. Önnur þeirra var hrúga beina sem virðast tilheyra einum einstaklingi, konu sem grafin hefur verið niður við karlmannsgröf sunnanvert í garðinum. Í því tilfelli getur einnig verið að beinin hafi komið upp við gröft í garðinum og þeim síðan verið stungið þarna niður. Hin beinagrindin var hinsvegar í gröf vestan kirkjunnar. Beinin höfðu verið lögð til í líkkistu og voru þau öll í hrúgu í höfuðenda kistunnar. Kistan var óskemmd og ekki hægt að sjá að aðrar grafir hafi verið teknar ofan í gröfina. Það er því líkast sem þessi beinagrind hafi verið flutt í garðinn annarsstaðar frá.

Þrjár grafir voru tómar eða því sem næst. Í einni fundust hnéskeljar, í annarri viðarleifar og í þeirri þriðju viðarleifar og ein

²³ Egils saga Skalla-Grímssonar, 1998, bls. 517.

tönn. Jarðneskar leifar þeirra, sem í þeim lágu upphaflega, hafa því að öllum líkindum verið fjarlægðar og fluttar annað.²⁴



Ein þriggja grafa í garðinum sem engin bein fundust í.

Í Kristnirétti hinum forna, sem varðveist hefur í Grágás, lagasafni íslenska þjóðveldisins frá fyrri hluta 12. aldar, er kveðið á um að eignir aflagðrar kirkju, þar með talin bein í gröfum, skuli fluttar að næstu kirkju þar sem gröftur er leyfður.²⁵ Dæmi um beinaflutning úr aflögðum kirkjugarði er í Grettis sögu, þar sem segir að lík þeirra bræðra Grettis og Illuga hafi verið grafin í kirkjugarðinum á Reykjum á Reykjaströnd og legið þar til 13. aldar. Þegar „kirkja var færð að Reykjum voru grafin upp bein Grettis og þótti þeim geysistór og þó mikil. Bein Illuga voru grafin síðan fyrir norðan kirkju en höfuð Grettis var grafið heima að Bjargi að kirkju“.²⁶

Hafi verið farið eftir ákvæði um beinaflutninga, þegar garðurinn var aflagður í Keldudal, er það umhugsunarefni hvers vegna aðeins eru horfin bein úr þremur gröfum. Þar er vitnis-

²⁴ Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996, bls. 119-139.

²⁵ Grágás, lagasafn íslenska þjóðveldisins, 1992, bls. 10.

²⁶ Grettis saga, 1998, bls. 1084. Þarna er því lýst er bein Grettis, önnur en höfuðið, voru færð í Fagranes Kirkjugarð.

burður um að ekki virðist hafa verið algilt að eftir þessu ákvæði væri farið og fjöldi annarra kirkjugarða, þar sem grafir og beinagrindur liggja enn á sínum stað, vitna um það sama. Nokkur dæmi eru þó um að ákvæði þessu hafi verið fylgt og má í því sambandi til dæmis nefna kirkjugarðinn á Stöng í Þjórsárdal þar sem að bein höfðu greinilega verið færð úr 13 gröfum.²⁷

Vitnisburður beinanna

Góð varðveisla beina í kirkjugarðinum og það að hann var grafinn upp í heild sinni býður upp á ýmsar rannsóknir og fræðilega úrvinnslu sem sjaldan eru mögulegar. Þessar rannsóknir gefa okkur einstaka sýn inn í heim þessa fólks, lífsbaráttu þess og lífsviðurværi, venjur og siði.

Fjölmörg sýni hafa verið greind úr garðinum, en viðamestu greiningarnar hafa þó verið gerðar á mannabeinasafninu og er þeim langt í frá lokið. Segja má að greining mannabeina hafi tvíþættan tilgang. Annars vegar er almenn beinagreining og hins vegar sértæk greining sýna sem tekin voru úr um 20 beinagrindanna.

Beinagreining felst í útlitsskoðun og uppmælingu beinanna. Á þann hátt má greina persónubundna þætti eins og aldur, hæð og kyn og stundum kynþátt einstaklingsins en auk þess er hægt að greina ýmis ummerki athafna, siða og sjúkdóma (forn-meinafræði) sem skilið hafa eftir sig ummerki á beinunum. Lokið er frumgreiningu beinasafnsins úr Keldudal. Alls fundust í garðinum 52 heillegar grafir. Þrjár grafanna voru nálega

²⁷ Sjá grein Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar 1996.

tómar, í einni gröf voru beinagrindur tveggja ungbarna og við aðra höfðu verið sett niður bein. Allar beinagrindurnar nema ein koma úr vel afmörkuðum gröfum, en eftir lauslega skráningu beina úr þeim gröfum sem raskað hafði verið, er hægt að áætla að heildarfjöldi þeirra sem í garðinum lágu hafi verið um 60 manns. Lítið var um að grafir sköruðust, sem er til merkis um skamman notkunartíma garðsins.

Alls fundust grafir 26 fullorðinna einstaklinga í garðinum. Þar af voru þrjár sem bein höfðu greinilega verið fjarlægð úr, en stærð grafanna og þau fáu bein sem eftir voru bentu til að þar hafi verið um fullorðna einstaklinga að ræða. Nítján beinagrindur var hægt að kyngreina með vissu, en fjórar voru of skemmdar eða illa varðveittar til að hægt væri að fullyrða um kyn. Af þeim sem hægt var að kyngreina með vissu voru tíu konur og níu karlar. Greining lausafundinna beina bendir til að konurnar hafi verið a.m.k. 12 og karlarnir a.m.k. 10. Það er því nokkuð jöfn kynjaskipting í garðinum.



Gröf nýfædd barns. Barnið hefur verið lagt til í stökklaga keistu.

Unnt var að greina lífaldur 46 einstaklinga úr garðinum. Fjölmennasti aldurshópurinn voru ungbörn eða tæplega helmingur. Börn (3-12 ára) voru um 7%, unglingar (12-18 ára) 4% og fullorðnir einstaklingar 42%. Flest ungbörnin voru innan við árgömul en þar sem fá eldri börn eða unglingar fundust í garðinum viðrist sem lífslíkur hafi aukist töluvert eftir að fyrstu barnsárum sleppti. Af þeim sem höfðu náð fullorðinsaldri voru hátt í helmingur „eldra fólk“ en samkvæmt skilgreiningu beinafræði telst fólk eldra en 45 ára vera „eldra fólk“. Ennfremur höfðu nokkrir einstaklingar náð háum aldri.

Að minnsta kosti fjórir áttu leg í kumlateignum og ekki er óvarlegt að áætla að þar hafi fleiri legið. Beinin þar voru mun ver farin en í kirkjugarðinum. Þó var hægt að greina að tvær beinagrindur voru af konum, eldri konu og yngri konu.

Rannsókn á sjúkdómum (fornmeinafræðileg greining) stendur nú yfir. Mikilvægur þáttur rannsóknarinnar er greining hvers kyns sjúkdóma eða áverka sem fram koma á beinunum. Greiningin fer fram með yfirborðsskoðun til að greina útlitsbreytingar sem kunna að vera meinafræðilegar eða umhverfislegar. Einnig er stuðst við smásjár- og röntgengreiningar. Með fornmeinafræðilegri greiningu fæst yfirsýn yfir almennt heilbrigði þess samfélags sem greiningin tekur til, til dæmis hvort



næringarskortur var almenntur og hvaða sjúkdómar herjuðu.

Hluti af mjaðmagrind aldraðs karlmanns. Beinin eru mjög gísín og útsett holur sem eru merki um beinþynningu.

Merki um sjúkdóma og/eða aðrar breytingar á beinum eru mismikil og koma fram vegna áreitis á beinin s.s. við endurteknar athafnir eða líkamsbeitingu, sýkingu eða slys. Nokkurn tíma tekur fyrir beinvef að bregðast við áreiti og því eru sjúkdómar, sem sjást á beinum, í eðli sínu viðvarandi (krónískir), ef undanskildir eru áverkar eins og beinbrot. Fyrir daga fúkkalyfja var fátt til ráða gegn sýkingum og gátu jafnvel smávægilegustu sár eða sýkingar valdið dauða manna, svo ekki sé minnst á bráðasjúkdóma eins og influensu, lungnabólgu eða skæðar drepsottir.²⁸ Því má ætla að stór hluti beinagrinda sem liggja í fornum kirkjugörðum beri ekki viðtæk sjúkdómsmerki, og líklegra er að finna megi ummerki sjúkdóma á eldri einstaklingum. Algengustu sjúkdómar og meinafræðilegar breytingar sem finna má í fornum beinasöfnum, erlendis sem hérlandis, eru tannkvillar ýmiskonar, aldurstengt slit og sjúkdómar í liðum, áverkar, merki um bætiefnaskort og hverskyns óstaðbundnar sýkingar. Í Keldudal var svipað uppi á teningnum, slit og aldurstengdar beinbreytingar voru algengastar en þó má finna merki um sýkingar, hörgulsjúkdóma og jafnvel áverka.


Sýni voru tekin úr 20 beinagrindum til svokallaðrar kolefnisaldursgreiningar (C14) og ísótópagreininga. Niðurstöður C14 mælinganna studdu það sem gjóskulagagreining hafði bent til, að garðurinn væri að stærstum hluta frá því um og fyrir aldamótin 1100. Merki eru um að byrjað hafi verið að grafa í garðinn um eða skömmu eftir 1000. Einnig var mælt magn kolefnisísótópanna 13C og 12C. Mismunandi magn þessara kolefna í beinum manna gefur hugmyndir um fæðuval þar sem magn þessara efna breytist eftir því hvort sjávarfang eða afurðir landdýra hafa verið uppistaða í fæðuvali. Þetta gefur

²⁸ Guðný Zoëga 2007, Sjúkdómar á miðöldum – vitnisburður beinafræðinnar.

mikilvægar upplýsingar um landnotkun og umhverfisnýtingu manna til forna. Greiningin leiddi í ljós að sjávarfang var um 20% af fæðu Kelddælinga á 11. öld.²⁹

Teknar voru tennur úr sjö einstaklingum úr kirkjugarðinum sem og kumlateignum til að freista þess að ná DNA (aðna eða fornu DNA) úr þeim. Greiningin var unnin af rannsóknarstofu Réttarlækningadeildar Kaupmannahafnarháskóla. Niðurstöður benda til að Kelddælingarnir hafi, líkt og aðrar hérlandar rannsóknir hafa sýnt um Íslendinga almennt, getað rakið uppruna sinn til Norðmanna og Kelta. Enginn skyldleiki fannst milli þeirra fimm einstaklinga sem hægt var að DNA greina, en sú greining nær einungis til skyldleika í gegnum móður og því kunna einhverjir þessara einstaklinga að hafa verið tengdir í karlegg.³⁰

Sýni voru tekin úr heillegum leggjabeinum. Ljós. Jan Heinemeier.



Tekin voru sýni úr tönnum tveggja einstaklinga í kumlateignum til svokallaðrar strontíum greiningar en með slíkri greiningu er hægt að ákvarða upprunaland einstaklingsins, þ.e.a.s. hvar þeir eru fæddir. Frumniðurstöður benda til að eldri

²⁹ Sýnin voru greind í AMS greiningarstöð Árósháskóla og hafði dr. Jan Heinemeier yfirumsjón með verkinu, en dr. Árný Sveinbjörnsdóttir aðstoðaði við töku sýnanna hér á landi.

³⁰ Sjá skýrslu Margrétar Ástu Kristinsdóttur, Jørgens Dissing 2006, bls. 8-9.

konan úr fyrsta kumlinu í kumlateignum hafi fæðst erlendis en yngri konan úr kumli fjögur hafi fæðst hér á landi. Frekari úrvinnsla mun vonandi gefa nákvæmari niðurstöður um upprunaland konunnar.³¹

Samantekt

Í dag er Keldudalur stórbýli í bændaeign og þar hafa miklar landbætur og jarðrækt farið fram á síðustu áratugum. Jörðin er þó ekki stór og meðan hún var ein leigujarða Reynistaðarklausturs var hún hlunnindalítill og á seinni öldum virðist byggð þar jafnvel hafa verið stopul.³² Þær fornleifar sem komið hafa upp á staðnum undanfarin ár benda þó til að í elstu tíð hafi búið þar stöndugir bændur sem bjuggu vel og gátu veitt sér ýmsan munað. Svo virðist sem byggð hafi verið samfelld í Keldudal frá því um eða skömmu eftir landnám og fram á 13. öld, þótt ritheimildir geti jarðarinnar að engu fyrr en í lok 13. aldar.

Elstu minjar um byggð í Keldudal eru leifar skála frá 10. öld og heiðnar grafir a.m.k. fjögurra einstaklinga. Uppgröftur á hluta gamla bæjarhólsins sumarið 2007 staðfesti að bæjarstaðið sem kirkjugarðurinn var hluti af hefur verið austan og eilítið ofan garðsins. Ljóst er að bæjarstaðið hefur verið flutt þangað þegar skálabyggingin, sem fannst undir kirkjugarðinum, var lögð af. Hugsanlegt er að byggð hafi lagst af um eða fyrir 1300, a.m.k. tímabundið, en annars virðist sem bærinn hafi staðið á sama stað allt fram á 20. öldina.

³¹ Hildur Gestsdóttir, skv. samtali í september 2007.

³² *Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalín* IX. bindi, bls.59.

Skálabygging lá undir kirkjugarðinum og virðist hafa verið aflögð um eða fyrir aldamótin 1000. Niðurstöður kolefnisaldursgreininga og gjóskulagagreininga gefa einnig til kynna að farið var að grafa í garðinn skömmu eftir 1000. Einhvern tíma á fyrri hluta 11. aldar var reist þar timburkirkja af elstu gerð stafverkshúsa.

Sé það rétt ályktun að bein hafi verið flutt úr kumlategnum í kirkjugarðinn má geta sér þess til að sama fjölskylda hafi búið á staðnum þegar trúarbragðaskiptin „gengu um garð“ um aldamótin 1000. Sé reiknað með að grafið hafi verið í garðinn í 150-200 ár og sé miðað við þann fjölda fullorðinna sem í garðinum hvíldu, liggur beinast við að áætla að þarna sé um heimilisgrafreit að ræða. Þó kann auðvitað að vera að jarðsett hafi verið frá fleiri en einum bæ, en þá má ætla að um einhvers konar fjölskyldutengsl hafið verið að ræða, að tvíbýlt hafi verið í Keldudal eða jafnvel afbýli eða hjáleiga í landi jarðarinnar.³³

Líkt og oftast er raunin í samfélögum fyrir tíma iðnbyltingar, hefur dánartíðni verið há en fæðingartíðni einnig og því gæfi útreikningur meðalaldurs ekki raunsanna mynd af samfélagsgerðinni eins og hún hefur verið á 11.-12. öld. Miðað við fjölda ungabarna í garðinum er meðalaldur heildarinnar ekki ýkja hár, rétt um 20 ár. Séu einungis teknir með í reikninginn þeir einstaklingar sem náðu fullorðinsaldri má áætla að meðalaldurinn hafi verið um eða yfir fertugt sem er svipað og var í öðrum Evrópulöndum þess tíma.³⁴

³³ Í *Jarðabók Árna Pálssonar og Páls Vídalín* IX. bindi, segir: „Girðing er hjer í landinu, meinast að það hafi þrælsgerði verið“. Þarna kann að vera vísbending um afbýli í landi Keldudals, þótt ekki sé hægt að fullyrða um aldur þess.

³⁴ Sjá grein eftir Berit Sellevold 1989, bls. 80-81.

Í Keldudal veittist einstakt tækifæri til að rannsaka grafsiði til forna. Uppgröfturinn er mikilvæg heimild um uppruna Íslendinga, trúariðkun á mótum heiðni og kristni, lýðheilsu, lífskjör og lifnaðarhætti. Allar niðurstöður sem hér eru birtar ber því að taka með þeim fyrirvara að rannsóknum á uppgraftrar-gögnum úr Keldudal er langt í frá lokið og miklar upplýsingar eiga enn eftir að bætast við þá þekkingu sem nú liggja fyrir.

Fornleifarannsóknirnar sem farið hafa fram í Keldudal eru björgunarrannsóknir vegna framkvæmda og hafa þær verið unnar fyrir eða á vegum Fornleifaverndar ríkisins.³⁵ Rannsóknirnar hafa að stærstum hluta verið unnar af starfsfólki og sérfræðingum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga og Hólarannsóknarinnar.³⁶ Byggðasafnið hefur umsjón með hverskonar úrvinnslu og greiningu í tengslum við verkefni, en til þess hafa fengist styrkir og framlög frá Kristnihátíðarsjóði, Fornleifasjóði, Þjóðhátíðarsjóði, Menntamálaráðuneytinu og Sveitarfélaginu Skagafirði.

³⁵ Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands vestra og starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins hafði umsjón með rannsóknunum í Keldudal.

³⁶ Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur hefur stjórnað Hólarannsókninni frá upphafi. Rannsóknin var samstarfsverkefni Hólaskóla, Byggðasafns Skagfirðinga og Þjóðminjasafns Íslands.

Heimildir

Prentaðar heimildir

- Anders Andrén, 2000: *Ad sanctos* – de dödas plats under medeltiden. Rådsefnurit *Hikuin*. 27, Moesgård.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1930. Jarðabók (9. bindi). Hið íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn.
- Berit Sellevold 1989: Fødsel og død. Í ráðstefnuritinu *Kvinnors Rosengård. Medeltiedskvinnors liv och hälsa. Lust och barnfödande*. Föredrag från nordiska tvärvetenskapliga symposier i Århus aug. 1985 och Visby sept., 1987. Kungälv.
- Diplomatarium Islandicum* eða Íslenskt fornbréfasafn, 1893. 2.bindi, 1253-1350. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.
- Egils saga Skallagrímssonar. *Íslendingasögur og sagnir*. Orðstöðulykill og texti, 1998. Útg. Mál og menning, á geislasdiski.
- Grágás, *lagasafn íslenska þjóðveldisins*, 1992. Gunnar Karlsson, Kristján Sveinsson og Mördur Árnason sáu um útgáfuna. Reykjavík.
- Grettis saga. *Íslendingasögur og sagnir*. Orðstöðulykill og texti, 1998. Útg. Mál og menning, á geislasdiski.
- Guðmundur Ólafsson, 1998: *Eiríksstaðir í Haukadal. Fornleifarannsókn á skála*. Rannsóknarskýrslur Þjóðminjasafnsins (nr. 11). Reykjavík.
- Guðný Zoëga, 2004: *Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 31.
- Guðný Zoëga og Þór Hjaltalín, 2003: *Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi, drög að skýrslu*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 18.
- Guðný Zoëga og Ragnheiður Traustadóttir, 2007: *Keldudalur. A Sacred Place in Pagan and Christian Times in Iceland. Cultural interaction between east and west. Archaeology, artefacts and human contacts in Northern Europe*. Ulf Fransson, Marie Svedin, Sophie Bergerbrant og Fedir Androschchuk (ritstj.). Stockhólmsháskóli.

- Guðný Zoëga, 2007: Sjúkdómar á miðöldum – vitnisburður beinafræðinnar. Í *Þriðja íslenska sögubingið* 18-21. Maí 2006: Ráðstefnurit. Benedikt Eyþórsson og Hrafnkell Lárusson (ritstj.), bls. 141-150. Reykjavík.
- Hildur Gestsdóttir, 1998: *The palaeopathological diagnosis of nutritional disease: A study of the skeletal material from Skeljastaðir, Iceland*. MSc ritgerð við Bradfordháskólar. University of Bradford.
- Hofsstaðir* 2004. *Interim report*. Fornleifastofnun Íslands, FS311-910112, 2006. Ritstjóri Hildur Gestsdóttir. Reykjavík.
- Jakob Kieffer-Olsen, 1993: *Grav og gravskik i det middelalderlige Danmark*. Doktorsritgerð, Árósaháskóli, Árósum.
- Jesse Byock, 2005: Viking-Age valley in Iceland. The Mosfell archaeological project. *Medieval Archaeology*. XLIX.
- Jón Steffensen, 1943: Knoglerne fra Skeljastaðir i Þjórsárdalur. Forntida gårdar i Island. København.
- Kristín Huld Sigurðardóttir, 2004: Haugfé. Gripir úr heiðnum gröfum. Í *Hlutaveltu tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni*. Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.). Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.
- Margrét Ásta Kristinsdóttir og Jørgen Dissing, 2006: *Who were the people of Keldudalur?* A status report on aDNA studies on skeletons from Keldudalur Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 56.
- Orri Vésteinsson, 2000: Forn kirkja og grafreitur á Neðra Ási í Hjaltadal. Fornleifastofnun Íslands, FS109-98174. Reykjavík.
- Steinunn Kristjánsdóttir, 2003: Timburkirkja og grafreitur úr frumkristni. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2000-2001*. Reykjavík.
- Steinunn Kristjánsdóttir, 2004: *The Awakening of Christianity in Iceland. Discovery of a timber Church and Graveyard at Þórarinsstaðir in Seyðisfjörður*. University of Gothenburg. GOT-ARCH. Gothenburg Archaeological Thesis Series B No 31. Reykjavík.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 1996: Gård og kirke på Stöng í Þjórsárdal. *Nordsjøen – Handel, religion og politikk. Karmøyseminariet 1994 og 1995*, Krøger & Naley ed., Stavanger.

Óprentaðar heimildir

Magnús Á. Sigurgeirsson 2003: *Fornleifarannsóknir í Skagafirði 2003*. Gjúskulagagreining. Óbirt rannsóknarskýrsla.